



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Staða samnings við Rauða krossinn vegna reksturs neyslurýmis

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 9. mars 2022 var samþykkt tillaga velferðarsviðs um að fela Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu rekstur neyslurýmis á grundvelli samnings. Sjúkratryggingar Íslands standa straum af rekstrarkostnaði samkvæmt samningi sem undirritaður var þann 10. nóvember 2021. Áætlaður rekstrarkostnaður á ársgrundvelli nemur um 50 m.kr. Gildistími samningsins er eitt ár frá og með þeim degi sem móttaka notenda hefst, sem var þann 10. mars 2022.

Rauði krossinn hefur nú skilað meðfylgjandi samantekt og skýrslu um nýtingu neyslurýmisins eða Ylju fyrir tímabilið mars – september 2022. Rauði krossinn telur að sterk rök séu fyrir því að neyslurými eigi að vera staðsett í húsnæði en ekki í færanlegum bíl og telur brýnt að koma upp neyslurými í hentugu húsnæði sem er miðsvæðis.

Greinargerð:

Í meðfylgjandi samantekt kemur fram að frá opnun neyslurýmisins hafi 95 einstaklingar sótt þjónustuna, 67 karlmenn og 28 konur. Alls eru heimsóknirnar 681. Á tímabilinu hafa verið skráðar 137 biðraðir í Ylju og er meðaltal skráðrar biðar um 30 mín. Í upphafi voru 2 starfsmenn ráðnir til að sinna vöktum, hjúkrunarfræðingur og þroskaþjálfari en að auki heldur teymisstjóri utan um starfsemi Ylju og annarra skaðaminnkunarverkefna Rauða krossins. Verkefnið hefur kallað á einn starfsmann til viðbótar til að sinna vöktum og hóf hann störf í lok ágúst.

Samkvæmt skýrslu Rauða krossins hefur aðsókn í bílinn frá fyrsta degi verið mun meiri en gert var ráð fyrir og ljóst að í bílnum er ekki boðleg vinnuaðstaða. Þar er hvorki salernisaðstaða, starfsmannaaðstaða, kaffistofa né afdrep þar sem notendur og starfsmenn geta hvílt sig. Aðeins geta tveir einstaklingar verið í bílum á hverjum tíma og það hefur m.a. orsakað biðraðir.

Rauði krossinn hefur lagt fram samantekt frá Borgarbókasafninu í Grófinni og frá öryggisverði við Heilsugæsluna í Miðbæ. Í samantekt Borgarbókasafns kemur m.a. fram:

Við getum ekki lýst því hvað starfsemi bílsins hefur haft góð áhrif á starfsemi safnsins. Húsverðir hafa getað kallað á starfsmenn Ylju til að ræða við gesti safnsins um ákveðna háttsemi og það er ótrúlegt að fylgjast með því hversu vel þeim gengur að koma skilaboðum á ákveðinn en mildan hátt til skila. Frá því að bíllinn tók til starfa hafa engar sprautur fundist á salernunum og þar með er bókasafnið orðið mun öruggara rými.

Öryggisvörður í Heilsugæslunni Miðbæ segir m.a:

It is my firm belief, as someone who has witnessed first-hand the difference a safe space to use can make, that a designated location with multiple user sections will solve a great deal of the problems that arise from people using in public areas.



Þann 28. október 2022 áttu starfsmenn velferðarsviðs fund með Sjúkratryggingum Íslands. Afstaða heilbrigðisráðuneytisins um áframhaldandi starfsemi neyslurýmis mun ekki liggja fyrir fyrr en Sjúkratryggingar hafa skilað ráðuneytinu úttekt á starfsemi Ylju sem vonandi hefst sem fyrst. Þegar niðurstaða þeirrar úttektar liggur fyrir mun ráðuneytið væntanlega taka afstöðu til þeirrar niðurstöðu Rauða krossins að finna þurfi starfseminni fast húsnæði miðsvæðis en ljóst er að fast húsnæði kallar á aukið fjármagn.